

Ed.

105. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdu því þessar athugasemdir:

Í undirbúningi er endurskoðun á alþýðutryggingalögnum frá 1936, en þar sem ekki verður unnt að afgreiða það mál fyrir 1. apríl þ. á., þegar ofangreind lög ganga úr gildi, er nauðsynlegt að framlengja gildi þeirra svo sem ákveðið er í frumvarpinu.